

Nd.

470. Frumvarp til laga

[290. mál]

um ríkisendurskoðun.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis. Annast hún endurskoðun hjá ríkisstofnunum og þeim aðilum öðrum sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur hefur hún eftirlit með framkvæmd fjárlaga.

Ríkisendurskoðun skal vera fjárveitinganefnd Alþingis til aðstoðar við gerð fjárlaga. Aðrar þingnefndir geta og fengið aðstoð ríkisendurskoðunar við störf er varða fjárhagsmál-efni ríkisins.

Ríkisendurskoðun er óháð ráðuneytum og öðrum stjórnvöldum.

2. gr.

Stjórn ríkisendurskoðunar skal skipuð þeim þremur yfirskoðunarmönnum sem samein- að Alþingi kýs samkvæmt 43. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944.

3. gr.

Stjórn ríkisendurskoðunar ræður forstöðumann stofnunarinnar til 6 ára í senn. Nefnist hann ríkisendurskoðandi og skal vera löggiltur endurskoðandi.

Ríkisendurskoðandi situr stjórnarfundum ríkisendurskoðunar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

4. gr.

Ríkisendurskoðandi ræður starfsmenn ríkisendurskoðunar. Meðal þeirra skulu vera starfsmenn sem hafa sérþekkingu á endurskoðun og fjárlagagerð.

5. gr.

Ríkisendurskoðun skal skipt í deildir. Ákveður stjórn ríkisendurskoðunar á hverjum tíma fjölda þeirra og viðfangsefni.

6. gr.

Stjórn ríkisendurskoðunar skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en mánaðarlega. Stjórnin kýs sér formann. Boðar hann til funda og stjórnar þeim.

Ríkisendurskoðandi skal skýra stjórninni frá gangi mála og gera henni grein fyrir niðurstöðum endurskoðunar hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins.

7. gr.

Ríkisendurskoðun er heimilt að fela óháðum löggiltum endurskoðendum að vinna að einstökum verkefnum sem stofnuninni eru falin í lögum þessum. Kostnað af slíkri endurskoðun greiðir sú stofnun sem í hlut á hverju sinni.

8. gr.

Reikningar ríkisendurskoðunar skulu endurskoðaðir af óháðum löggiltum endurskoðanda sem tilnefndur er af forsetum Alþingis.

Reikningsskil ríkisendurskoðunar skulu birt með ríkisreikningi.

9. gr.

Ríkisendurskoðun endurskoðar:

1. framkvæmd fjárlaga og ríkisreikning,
2. reikninga embætta, stofnana og sjóða sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs, þar á meðal reikninga Alþingis,
3. reikninga stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins sem rekin eru fyrir eigin reikning, þar með taldir reikningar ríkisbanka.

10. gr.

Ríkisendurskoðun getur krafist reikningsskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum aðilum, sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu, og skoðað reikningshald þeirra. Jafnframt er ríkisendurskoðun heimilt að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé.

Þá getur ríkisendurskoðun rannsakað reikningsskil sveitarfélaga sem varða sameiginlega starfsemi ríkisins og sveitarfélaga. Enn fremur getur hún rannsakað reikningsskil þeirra stofnana og félaga sem ríkissjóður á hlutf. 1.

11. gr.

Endurskoðun skal á hverjum tíma einkum miða að eftirfarandi:

1. að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við reikningsskilavenjur,
2. að reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og starfsvenjur.

12. gr.

Ríkisendurskoðun skal fylgjast með að gætt sé hagræðingar og hagkvæmni í ríkisrekstri. Getur stofnunin framkvæmt stjórnábyrgð endurskoðun hjá þeim aðilum sem greindir eru í 9. og 10. gr. en í slíkri endurskoðun felst að könnuð sé meðferð og nýting á ríkisfé. Skal stofnunin vekja athygli hlutaðeigandi stjórnvalda á því sem úrskæðis fer í rekstri og gera tillögur um úrbætur.

13. gr.

Í störfum sínum samkvæmt 9. gr. á ríkisendurskoðun aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum. Þá getur ríkisendurskoðun krafist þeirra upplýsinga sem þýðingu geta haft við störf hennar samkvæmt 10. gr.

Ríkisendurskoðun ákveður hvar og hvenær endurskoðað er. Þegar ákveðið er að endurskoðun fari fram í skrifstofu stofnunar eða ríkisfyrirtækis er þeirri stofnun skylt að veita alla aðstöðu sem þarf til að unnt sé að endurskoða þar.

Ríkisendurskoðun getur kveðið á um frest þeim til handa sem standa eiga skil á gögnum til endurskoðunar, svo og frest til þess að svara athugasemdum sem gerðar hafa verið við bókhald eða fjárvörslu.

14. gr.

Árlega skal samin heildarskýrsla um störf ríkisendurskoðunar á liðnu almanaksári. Skal hún lögð fyrir Alþingi.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 61/1931, um ríkisbókhald og endurskoðun, og þau ákvæði í lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og öðrum lögum sem stangast á við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, og eftir samkomulagi stjórnarflokka-anna, skipaði forsætisráðherra hinn 18. ágúst 1983 nefnd til þess að semja tillögur um, hvernig gera mætti stjórnkerfið virkara og bæta stjórnarhætti. Segir í skipunarbréfi nefndarinnar m. a., að markmið slíkra fyrirhugaðra stjórnkerfisbreytinga sé að efla eftirlit löggjafarvalds með framkvæmdarvaldinu.

Í nefndina voru skipuð þau Eiríkur Tómasson héraðsdómslögmaður, formaður, Ásgeir Pétursson bæjarfógeti, Bjarni Einarsson, forstöðumaður byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, Helga Jónsdóttir, aðstoðarmaður forsætisráðherra, og Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður. Starfsmaður nefndarinnar er Þórður Ingvi Guðmundsson stjórn-sýslufræðingur.

Nefndin hefur samið frumvarp þetta.

Núverandi starfsemi ríkisendurskoðunar hvílir á heimildum laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73 frá 28. maí 1969. Er þar svo kveðið á, að ríkisendurskoðun sé sérstök stjórnardeild og lúti fjármálaráðherra.

Með þessu frumvarpi er einkum ráðgerð sú skipulagsbreyting á starfsemi ríkisendurskoðunar, að hún flytjist frá framkvæmdarvaldinu og lúti framvegis forræði Alþingis.

II.

Í þingstjórnarlöndum er þjóðþingum fengið úrslitavald um fjárstjórn viðkomandi ríkja. Ekki verður samt talið, að þessi fjárstjórnarréttur sé í eðli sínu löggjafarmálefni.

Fjárlög eru t. d. í reynd áætlun um tekjur og gjöld ríkisins, sem ætlað er að ná yfir tiltekið tímabil, og eru háð samþykki Alþingis. Þessi áætlun hefur lagagildi, þótt með nokkuð sérstökum hætti sé.

Skyldan til þess að leggja fjárlagafrumvarp fyrir Alþingi er samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar hjá ríkisstjórn, en endanleg gerð fjárlaga er í höndum Alþingis. Má því segja, að þessi skipan tengi á þýðingarmikinn hátt saman starfsemi stjórnvalda og löggjafans.

Stjórnarskráin fær Alþingi fjárveitingavaldið í hendur. Er sú ráðstöfun einn þýðingarmesti hyrningarsteinn þingræðisskipulagsins, því að telja verður, að sá sem valdið hefur í þeim efnunum ráði í reynd mestu um stjórn ríkisins almennt.

Stjórnarskráin fær Alþingi í hendur valdið til þess að ákveða fjárveitingar. Það er því rökrétt, að á vegum löggjafans fari fram endurskoðun á því, hvernig framkvæmdarvaldið, sem annast framkvæmd fjárlaga, hafi nýtt fjárlagaheimildir Alþingis, svo og hvort farið hafi verið út fyrir þær. Í samræmi við þessi sjónarmið er nú lagt til, að þetta starf færist frá stjórnvöldum til Alþingis.

Segja má, að fjárstjórnarvald Alþingis sé fólgið í tvennu, fyrir fram gerðri áætlun um tekjur og gjöld ríkisins um ákveðið tímabil, og eftirliti — endurskoðun — með því að þeirri áætlun sé fylgt.

Hér á landi eru fjárveitingar og áætlanir um tekjur ákveðnar með fjárlögum og fjáraukalögum. Hefur sá háttur verið á hafður frá því að Alþingi fékk löggjafarvald með stjórnarskránni 1874.

Í 43. gr. stjórnarskrárinnar er boðið, að reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil skuli, að endurskoðun lokinni, safnað saman í einn reikning, er leggja á fyrir Alþingi til samþykktar. Ljóst er, að með þessu ákvæði er ríkisstjórn skylduð til að standa löggjafanum reikningsskil á framkvæmd fjárlaganna. Þessum reikningsskilum fylgir Alþingi síðan eftir með því að kjósa sérstaka trúnaðarmenn til þess að endurskoða ríkisreikninginn. Hefur því svo verið frá hnútum gengið frá setningu stjórnarskrárinnar, að löggjafanum beri að annast endurskoðun ríkisreikninga.

Hins vegar hefur farið svo, að ár frá ári hefur reikningum fjölgað með auknum umsvifum ríkisins, og komast þeir þrír menn, sem Alþingi kys til þess að annast endurskoðun, ekki yfir allt það verk, samtímis öðrum störfum.

Hin umboðslega endurskoðun, sem nú hefur töluverðum mannafla — þar á meðal sérfræðingum — á að skipa, hefur því stöðugt farið vaxandi. Var reyndar sett löggjöf um reikningsskil og endurskoðun á árinu 1931, þar sem komið var á fót sérstakri endurskoðunardeild í fjármálaráðuneytinu.

Með núverandi hætti er endurskoðun ríkisreikninga því tvenns konar, annars vegar er hin umboðslega endurskoðun, nú eftir ákvæðum laga nr. 73/1969 og heyrir undir fjármálaráðherra, og hins vegar endurskoðun af hálfu Alþingis samkvæmt 43. gr. stjórnarskráinnar.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að ríkisendurskoðun starfi hér eftir í beinum tengslum við Alþingi undir yfirstjórn þess og ábyrgð.

Telja verður að endurskoðun ríkisfjármála geti því aðeins skilað viðunandi árangri, að stofnun sú, sem annast hana, sé óháð þeim, sem endurskoðunin beinist að. Ríkisstofnanir geta að vísu ekki orðið fullkomlega óháðar og sjálfstæðar, þar sem þær eru hluti af ríkisheildinni. Sjálfstæði ríkisendurskoðunar verður þó best tryggt með því að færa forræði hennar til löggjafans. Verður að telja eðlilegt, að í framtíðinni verði staða ríkisendurskoðunar ákveðin í stjórnarskránni.

III.

Eins og fram kemur í frumvarpinu, er aðaltilgangur þess að flytja ríkisendurskoðun undir vald Alþingis. Eftir því sem opinber umsvif hafa aukist í þjóðfélaginu, hefur þörfin á eftirliti Alþingis vaxið.

Jafnframt þessu er nú einnig stefnt að því að styrkja starfsaðstöðu Alþingis við gerð fjárlaga. Víða erlendis hafa fjárlaganefndir þinga sérstaka skrifstofu, þar sem sérmenntaðir menn starfa allt árið að margháttuðum rannsóknum og athugunum, er varða fjárlög. Er þá lögð áhersla á, að þessir trúnaðarmenn löggjafarvaldsins hafi nána samvinnu við þá fulltrúa stjórnvalda, sem starfa að undirbúningi og framkvæmd fjárlaga.

Skyldan til þess að leggja fjárlagafrumvarp fyrir Alþingi hvílir á framkvæmdarvaldinu. Ber ríkisstjórnin, og einkum fjármálaráðherra, ábyrgð á, að fjárhagsáætlun fyrir ríkið sé gerð og lögð fyrir Alþingi í frumvarpsformi. Er sú skipan mála eðlileg, þar sem handhafar framkvæmdarvaldsins hafa betri tök en aðrir á að kynna sér fjárförf ríkisstofnana og tekjur þeirra.

Nauðsyn ber til þess, að Alþingi og nefndir þess fjalli um fjárlagafrumvörp og önnur fjárhagsleg málefni óháð stjórnvöldum. Til þess þarf Alþingi eigin sérfræðiaðstoð, og er ríkisendurskoðun ætlað það hlutverk.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Nafn stofnunarinnar yrði skv. frumvarpi þessu óbreytt, ríkisendurskoðun. Var það nafn fyrst tekið inn í lög nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

Meginefni þessa frumvarps er að flytja endurskoðun og eftirlit með fésýslu ríkisins frá stjórnvöldum til Alþingis. Stjórnarskrá ríkisins fær Alþingi valdið til þess að ákveða fjárveitingar. Hún gerir jafnframt ráð fyrir endurskoðun á þess vegum. Hér er stefnt að því, að löggjafinn láti endurskoða á sínum vegum, hvernig framkvæmdarvaldið hefur notað heimildir þær, sem Alþingi samþykkti.

Til þess að tryggja sjálfstæði ríkisendurskoðunar verður stofnunin að vera óháð ríkisstjórn og öðrum stjórnvöldum, enda þiggur hún vald sitt og umboð beint frá Alþingi án milligöngu framkvæmdarvaldsins.

Skyldan til að leggja fram fjárlagafrumvarp hvílir á ríkisstjórn, en gerð þess er aðallega í höndum fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Alþingi er hins vegar rétt og skylt að setja fjárlög og ráða fjárveitingum hverju sinni. Fjárveitinganefnd hefur aðeins á að skipa einum starfsmanni hluta ársins, og leggur fjárlaga- og hagsýslustofnun hann til. Auk þess situr hagsýslustjóri fundi nefndarinnar við yfirferð frumvarpsins. Þetta verður að teljast óeðlilegt í ljósi aðgreiningar löggjafarvalds og framkvæmdarvalds.

Hér er úrbóta þörf, og er því gert ráð fyrir, að ríkisendurskoðun leggi fjárveitinganefnd til sérhæfða starfskrafta, sem geta starfað að margháttuðum umsögnum og upplýsingaöflun varðandi fjárlagagerðina. Nefndinni berst fjöldi erinda og breytingartillagna, sem taka þarf afstöðu til, bæði frá opinberum stofnunum og einstaklingum. Þá þarf einnig að vinna talsvert við að samræma fjárlagafrumvarpið þeirri stefnu, sem Alþingi vill marka um fjárveitingar hverju sinni. Vegna margháttáðrar þekkingar, sem ríkisendurskoðun hefur á þessu sviði, er æskilegt að hún veiti þar ráðgjöf og aðstoð.

Um 2. gr.

Samkvæmt 43. gr. stjórnarskrárinnar eru kosnir þrír menn til þess að endurskoða ríkisreikninga. Með þessu frumvarpi er þeim einnig falið að skipa stjórn fyrir hina nýju stofnun Alþingis, ríkisendurskoðun. Eftir sem áður geta þessir kjörnu menn skoðað þá reikninga sem þeir óska. En ljóst er, að nú á dögum hefur sú breyting á orðið í rekstri ríkisins, að ekki er þrem mönnum lengur ætlandi að komast yfir að skoða alla reikninga, sem tilheyra ríkisrekstrinum. Má því telja eðlilegt, að þeir fái þá aðstoð, sem frumvarpið stefnir að. Æskilegt er, að þeir þrír menn, sem kjörnir verða skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar, séu að jafnaði úr hópi alþingismanna.

Um 3. gr.

Þær kröfur eru gerðar til menntunar ríkisendurskoðanda, að hann sé löggiltur endurskoðandi. Leiðir það af eðli málsins, þótt ekki hafi verið lögbundið áður.

Lagt er til, að ríkisendurskoðandi verði ráðinn til 6 ára í senn. Er það í samræmi við tillögur í frumvarpi til laga um Stjórnarráð Íslands um ráðningar í opinber störf. Er talið rétt, að horfið sé frá gömlu reglunni um æviráðningu og skipun í störf.

Um 4. gr.

Rétt þykir að ríkisendurskoðandi ráði starfsfólk og meti hæfni þess. Gerðar eru kröfur um sérmenntaða menn meðal starfsmanna. Ljóst er, að þörf verður fleiri en eins löggilts endurskoðanda við stofnunina og enn fremur er nauðsynlegt að hafa starfsmenn með sérþekkingu á fjárlagagerð og ríkisfjármálum vegna þeirrar þjónustu, sem ráðgert er að veita fjárveitinganefnd og raunar fleiri þingmönnum við undirbúning að fjárlögum og öðrum fjárhagsverkefnum.

Um 5. gr.

Dagleg störf ríkisendurskoðunar eru nú undir verkstjórn skrifstofustjóra og fjögurra deildarstjóra, en ríkisendurskoðandi fer með yfirstjórn. Núverandi deildir stofnunarinnar hafa með höndum almenna endurskoðun, embættaeftirlit, tollendurskoðun og tölvumál. Hjá ríkisendurskoðun starfa um 40 manns. Einhver afskipti, meiri eða minni eftir eðli máls, eru höfð af reikningsskilum yfir 400 stofnana og fyrirtækja.

Ekki þykir rétt að festa deildaskiptingu ríkisendurskoðunar með lögum. Virðist hagkvæmast að stjórn ríkisendurskoðunar og ríkisendurskoðandi skipi starfseminni í deildir eftir eðli stofnana og umfangi verkefna á hverjum tíma.

Um 6. gr.

Til þess að tryggja, að stjórn ríkisendurskoðunar geti fylgst náið með starfsemi stofnunarinnar og rekstri ríkisstofnana, er nauðsynlegt að ríkisendurskoðandi gefi skýrslur á stjórnarfundum um gang mála. Fær stjórnin þannig yfirsýn yfir starfsemi ríkisendurskoðunar.

Um 7. gr.

Nauðsynlegt er að hafa í lögum heimild til þess að fela löggiltum endurskoðendum utan stofnunarinnar endurskoðun, eftir því sem aðstæður krefjast á hverjum tíma. Það er ríkisendurskoðun hagkvæmt að geta leitað til sjálfstæðra endurskoðenda um einstök verkefni. Slíkt veitir aukna yfirsýn í endurskoðunarstarfi og fjölbreytni í vinnubrögðum.

Um 8. gr.

Rétt er að óháður aðili endurskoði reikninga ríkisendurskoðunar. Þykir eðlilegast, að forsetar Alþingis kveði á um það, hver til þess verður valinn.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir þeirri almennu reglu, að öll meðferð ríkisfjár sæti endurskoðun. Í þessari grein kemur fram, hvaða aðilar skuli sæta endurskoðun. Lagt er til, að stofnunin endurskoði ríkisreikning og öll embætti, stofnanir, sjóði og fyrirtæki, sem ríkið á eitt sér. Í þessu felst, svo dæmi séu tekin, að ríkisfyrirtæki og stofnanir, svo sem ríkisbankar, Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðjan, falla undir verksvið ríkisendurskoðunar. Enn fremur skal ríkisendurskoðun endurskoða reikninga Alþingis.

Um 10. gr.

Rétt er að veita ríkisendurskoðun heimild til þess að kanna hvernig framlög og styrkir úr ríkissjóði hafa verið notaðir. Er það í samræmi við þá meginreglu, að öll ríkisútgjöld sæti endurskoðun. Er því litið svo á, að þeir sem sækja um styrki og framlög af almannafé sætti sig jafnframt við, að gengið sé úr skugga um, að féð hafi verið notað til þess, sem ráðgert var, og komið að þeim notum, sem að var stefnt. Misnotkun slíkra framlaga gæti leitt til kröfu um endurgreiðslu.

Ljóst er, að ríki og sveitarfélög standa sameiginlega að margháttaðri starfsemi. Jafnframt tekur ríkið þátt í atvinnurekstri í samstarfi við aðra aðila. Með 2. málsgrein er ríkisendurskoðun veitt heimild til að rannsaka reikningsskil stofnana og fyrirtækja þegar svo stendur á. Þetta er gert í því skyni, að ríkisendurskoðun geti gætt hagsmuna ríkisins samkvæmt þeim reglum, sem um reksturinn gilda, en veitir stofnuninni ekki sérstakan rétt umfram það.

Um 11. gr.

Við gerð endurskoðunarskýrslu skal ríkisendurskoðun greina frá því, hvort viðkomandi reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við reikningsskilavenjur. Enn fremur hvort heimildir fjárlaga og annarra laga og starfsvenjur séu í heiðri hafðar.

Um 12. gr.

Fjárhagslegu eftirliti í ríkisrekstri er þannig háttað nú, að fjórir aðilar annast það, formlega séð.

Í fyrsta lagi eiga einstök ráðuneyti, eðli málsins samkvæmt, að gæta þess, að hagræðingar og hagsýni sé gætt í starfsemi stofnana og fyrirtækja, sem undir viðkomandi ráðuneyti falla. Raunveruleg athafnasemi og geta ráðuneytanna til þessara verka er þó með mjög misjöfnum hætti. Hins vegar hefur verið gerð tillaga um það í frumvarpi til laga um Stjórnarráð Íslands, að þessi þáttur í starfsemi ráðuneytanna verði eflður.

Í öðru lagi er það annað meginhlutverk fjárlaga- og hagsýslustofnunar að fylgjast með nýtingu fjármuna og aðstoða ráðuneyti og stofnanir þeirra við rekstrarhagræðingu og endurskipulagningu. Það gerir stofnunin annars vegar með því að láta í té sína eigin rekstrarráðgjafa og hins vegar með gerð samninga við sjálfstæða rekstrarráðgjafa, sem þá vinna verkið undir umsjón og eftirliti stofnunarinnar.

Í þriðja lagi er það hlutverk ríkisendurskoðunar að gera athugasemdir við rekstur stofnana og fyrirtækja, verði hún vör við eitthvað, sem betur má fara við endurskoðun hjá viðkomandi stofnunum. Þá hefur ríkisendurskoðun einnig gert rekstrarúttekt á stofnunum og tillögur til úrbóta. Framkvæmd tillagna hefur hins vegar verið í höndum viðkomandi ráðuneytis og fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Loks er það hlutverk fjárveitinganefndar að gera athugasemdir við framkvæmd fjárlaga, verði nefndin vör við eitthvað, sem betur má fara. Þetta frumkvæði fjárveitinganefndar og annarra nefnda Alþingis þarf að stórefla. Nefndirnar hefur hins vegar skort þá sérfræðilegu aðstoð, sem nauðsynleg er, til að gera athugasemdir af þessu tagi.

Tilgangur þessarar frumvarpsgreinar er að efla frumkvæði löggjafans til afskipta af framkvæmd fjárlaga og rekstri stofnana og fyrirtækja ríkisins með framkvæmd svonefndrar stjórnáskýsluendurskoðunar. Slíkt tækifæri skapast með því að flytja ríkisendurskoðun undir stjórn Alþingis, og veita því þannig þá sjálfstæðu sérfræðiaðstoð, sem löggjafann hefur hingað til skort.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um, að ríkisendurskoðun skuli eiga aðgang að gögnum, sem máli skipta í starfi hennar. Þegar um er að ræða stofnanir og félög, sem ríkissjóður tekur þátt í með öðrum, t. d. hlutafélög, takmarkast heimildir ríkisendurskoðunar til að kalla eftir gögnum að sjálfsögðu af reglum viðkomandi stofnunar eða félags. Þannig hefur t. d. ríkið sem hluthafi í hlutafélagi aðeins sama rétt og aðrir hluthafar til að krefjast gagna eins og sá réttur er ákveðinn í samþykktum félagsins eða hlutafélagalögum. Frumvarpinu er auðvitað ekki ætlað að skapa ríkinu aukinn rétt að þessu leyti.

Um 14. gr.

Rétt er að ríkisendurskoðun semji árlega heildarskýrslu til Alþingis um endurskoðunarstarfið og gang mála á því sviði. Slík skýrslugerð kemur einnig til greina oftár, ef um er að ræða mikilsverð mál eða upplýsingar. Það tryggir þinginu ítarlegar upplýsingar og umræður, sem nauðsynlegar eru til eftirlits og aðhalds í ríkisfjármálum. Niðurstöður endurskoðunar ríkisendurskoðunar hjá einstökum stofnunum, embættum og öðrum aðilum koma einnig að fyllri notum, ef Alþingi hefur tök á að fylgja þeim ábendingum eftir. Stjórn ríkisendurskoðunar tekur við slíkum skýrslum og kveður á um frekari meðferð þeirra, ef þurfa þykir.

Um 15. gr.

Parfnast ekki skýringa.